

Grundarfjarðarbær
Kristín Þorleifsdóttir
Borgarbraut 16
350 Grundarfjörður

Reykjavík, 15. september 2022
UST202208-036/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga - Deiliskipulag – Skerðingsstaðir - Grundarfjarðarbær

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Grundarfjarðarbæjar er barst 5. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi hótels í landi Skerðingsstaða í Grundarfirði.

Í tillögunni kemur fram að áætlað er að reisa allt að hundrað herbergja hótél og auk þess verði byggð fimm stakstað gistihús. Áætlað byggingarmagn hótelsins er 5.500 m² og skipulagssvæði er 4,5 ha að stærð.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram í tillögunni hvernig hún samræmist lögum um vernd Breiðafjarðar nr. 54/1995 og Landskipulagsstefnu 2015 – 2026. Auk þess þarf að koma fram að svæðið er skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði, Lárvaðall fellur undir 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 og að Breiðafjörður hefur verið tilnefndur á B-hluta náttúruminjaskrár af Náttúrufræðistofnun Íslands (NÍ).

Breiðafjörður

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á lögum nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar,¹ en tilgangur þeirra er að stuðla að verndun Breiðafjarðar, einkum landslags, jarðmyndana, lífríkis og menningarminja.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að ofangreint komi fram í tillögunni og að örnefnið Breiðafjörður komi fram á uppdrætti. Hér er hægt að sjá afmörkun verndarsvæðisins á korti.²

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að niðurstöður umhverfismats verkefnisins miði að því að meta hver áhrif tillögunnar, þ.e. uppbyggingar hótels að þessari stærðargráðu, eru verndargildi svæðisins.

Mikilvæg fuglasvæði

Umhverfisstofnun bendir á að skilgreind hafa verið svæði sem teljast alþjóðlega mikilvæg fyrir þá 81 tegund fugla sem eru varpfuglar eða reglulegir gestir hér á landi. Mat á því hvaða svæði falla í þennan flokk byggist á viðmiðum Alþjóðlegu fuglaverndarsamtakanna, BirdLife International. Stofnunin bendir á að Breiðafjörður er

¹ <https://www.althingi.is/lagas/nuna/1995054.html>

² https://i0.wp.com/nytt.breidafjordur.is/wp-content/uploads/2016/11/Kort_Breidafjordur.jpg.

eitt þessara mikilvægu fuglasvæða³ skv. vistgerðarkorti NÍ. Mikið sjófuglavarp er á svæðinu en þar eru níu tegundir sem ná alþjóðlegum verndarviðmiðum.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að ofangreint komi fram í tillögunni og að í umhverfismati tillögunnar séu metin áhrif hennar á verndargildi svæðisins, bæði innanlands og í alþjóðlegu samhengi.

Tillaga að framkvæmdaáætlun (B-hluta)

Umhverfisstofnun bendir á að NÍ hefur sett fram tillögur að svæðum á framkvæmdaáætlun (B-hluta) náttúruminjaskrár út frá verndun vistgerða, fugla og jarðminja og er Breiðafjörður⁴ eitt þeirra. B-hluti náttúruminjaskrár er skrá yfir þær náttúruminjar sem Alþingi hefur ákveðið að setja í forgang um friðlýsingu eða friðun á næstu fimm árum. Breiðafjörður er tilnefndur vegna fjöruvistgerða, fugla og sela en lagt er til að stærstu fuglabyggðir og selalátur við jaðarsvæðisins falli jafnframt til þess, ásamt 100 m verndarjaðri til landsins og 1 km jaðri til sjávar.

Umhverfisstofnun bendir á að ekki er um að ræða gildandi B-hluta náttúruminjaskrár þar sem tillögurnar hafa ekki hlotið þá málsmeðferð sem um getur í lögum þar sem m.a. er haft samráð við sveitarfélögin, landeigendur og aðra hagsmunaaðila en áður en tillögurnar verða lagðar fyrir Alþingi verður haft samráð við áðurnefnda aðila.

Hins vegar er það mat stofnunarinnar að mikilvægt sé að hafa þær upplýsingar fyrir ofangreind svæði til hliðsjónar þegar skipulagsáætlunin er unnin, þegar áhrif á helstu umhverfisþætti eru metin og til að draga eins og kostur er úr neikvæðum áhrifum á verndargildi svæðisins. Auk þess bendir stofnunin á að þegar framkvæmdaáætlun (B-hluti) náttúruminjaskrár verður samþykkt af Alþingi getur það haft áhrif á verndarstöðu þeirra svæða sem tillagan nær til.

Sérstök vernd

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt kortasjá NÍ⁵ fellur Lárvaðall undir a. lið. 1. mgr. 61. gr. náttúrverndarlaga nr. 60/2013. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að ofangreint komi fram í tillögunni.

Í 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. greinarinnar. Skv. 3. mgr. ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst er að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Með orðalaginu „brýn nauðsyn“ er lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til rækilegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. gr. og 3. gr. laga um náttúruvernd

³ <https://www.ni.is/is/dyr/fuglar/mikilvaeg-fuglasvaedi/breidafjordur>

⁴ <https://www.ni.is/is/midlun/natturuminjaskra/breidafjordur>

⁵ <https://serstokvernd.ni.is/>

auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr., að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúruyfyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Staðsetning

Staðsetning svæðisins er undir Skerðingsstaðafjalli á tanga sem gengur út í Lárvaðal. Í lýsingu kemur fram að fornminjar eru fyrir miðju áætlaðs framkvæmdasvæðis og að þær „ýti“ framkvæmdum út að vatnsbakkanum. Í samræmi við gr. 5.3.2.14 eru mannvirki í tillöggunni ekki nærri sjó en 50 m. Umhverfisstofnun mælir með að framkvæmdir verði staðsettar 100 m frá fjöru Lárvaðals þar em fjörunar eru hluti af Verndarsvæði Breiðafjarðar.

Ásýnd og sjónræn áhrif

Umhverfisstofnun bendir á að bygging sem er alls sjö hæðir, 22,5 m á hæð frá botnplötu, mun hafa mikil áhrif á ásýnd svæðisins og mun verða afar áberandi á takmörkuðum tanga milli Lárvaðals og Þjóðvegjar.

Í umfjöllun um umhverfis- og menningargæði í Landsskipulagsstefnu segir að mikilvægt sé að huga að ásýnd og yfirbragði nýrra mannvirkja í dreifbýli og hvernig þau falla að umhverfi sínu. Einstök mannvirki geta orðið áberandi í landi því að oft sést vítt yfir til sveita.

Umhverfisstofnun bendir einnig á að í 69. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir: „Við hönnun vega, virkjana, verksmiðja og annarra mannvirkja skal þess gætt að þau falli sem best að svipmóti lands. Við mat á umhverfisáhrifum og afgreiðslu leyfisumsókna vegna slíkra framkvæmda skal taka afstöðu til þessa atriðis.“

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að Breiðafjörður er verndaður vegna landslags. Í verndaráætlun fyrir Breiðafjörð 2014 - 2019 kemur fram að: „Athafnir manna geta haft mikil áhrif á landslag og upplifun ferðalanga. Á það ekki síst við um Breiðafjarðarsvæðið því eyjar eru flestar láglendar og mannvirki sjást víða að, sem gerir landslag mjög viðkvæmt fyrir framkvæmdum sem skilja eftir sig sýnileg ummerki. Þetta getur t.d. átt við um frístundabyggð, sjávarfallavirkjanir, vindmyllur, vegi og háspennulínur á áberandi stöðum en ávallt ætti að leitast við að láta mannvirki falla vel að umhverfi sínu.“⁶

Umhverfisstofnun tekur undir það sem fram kemur í greinargerð deiliskipulagsins að nýta eigi náttúruleg byggingarefni og að þök verði klædd gróðri. Umhverfisstofnun telur áætlaða hæð framkvæmdarinnar gera það að verkum að hún muni stinga mjög í stúf við umhverfið og hafa veruleg neikvæð áhrif á ásýnd svæðisins. Umhverfisstofnun telur að skoða þurfi ofangreindar áætlanir vel, vegna mikilla neikvæðra áhrifa á ásýnd og neikvæð sjónræn áhrif. Umhverfisstofnun leggur það til að skoðaðar verði hugmyndir að lágrestari byggingu (1-2 hæðum) sem falli betur að landslaginu.

⁶ https://www.stjornarradid.is/media/umhverfisraduneyti-media/media/PDF_skrar/Breiðafjorður_verndaraetlun_2014-2019_minnkad.pdf

Fráveita

Umhverfisstofnun bendir á að meginreglan um hreinsun á skólpi (skv. 7. gr. reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ) er tveggja þrepa hreinsun, áður en skólpi er veitt í viðtaka, nema kveðið sé á um annað í reglugerðinni. Í tilfalli Skerðingsstaða eiga ekki við vægari losunarkröfur, s.s. eins þreps hreinsun þegar losun er út í sjó. Vatnasvæði geta einnig flokkast sem viðkvæm svæði þar sem við getur átt frekari hreinsun. Slík flokkun hefur ekki farið fram og hefur Umhverfisstofnun ekki upplýsingar um ástand vatnsins í dag og því ekki um viðkvæmt svæði að ræða að svo stöddu skv. reglugerðinni.

Umhverfisstofnun tekur undir álit skýrsluhöfunda um að beita eigi tveggja þrepa hreinsun en komi í ljós neikvæð áhrif á vatnið vegna starfseminnar skal gera ráðstafanir til að draga úr því álagi. Auk þess má benda á að mikilvægt er að gæta vel að hreinsun fráveituvatns þar sem útivistar er notið og sér í lagi ef vatnið er nýtt til veiða og manneldis.

Umhverfisstofnun vill benda á að reynsla annarra rekstraraðila hefur sýnt fram á að gestir (og Íslendingar) hendi miklu af rusli í salernin, s.s. hreinlætisvörum, blautþurrkum, dömubindum, eyrnapínum og slíku. Því væri æskilegt að gera ráð fyrir forhreinsun fyrir líffræðilega hreinsun á skólpi.

Gert er ráð fyrir að hreinsivirki þurfi að anna tæpum 57.000 lítrum af skólpi á dag en samkvæmt leiðbeiningum um rotþrær og siturlagnir er talan nokkuð hærri. Jafnvel þó að ekki sé gert ráð fyrir að hótelið sé fullnýtt allt árið þá verður samt að gera ráð fyrir að hreinsivirkið ráði við álagið þegar það er mest.

Forsendur og bílastæði

Í tillögunni er einungis gert ráð fyrir 50 bílastæðum og fjórum stæðum fyrir rútur, en í greinargerð segir að nákvæm staðsetning þeirra og fjöldi verður ákvarðaður nánar í samræmi við endanlega útfærslu og stærð bygginga og í samvinnu við skipulags- og byggingaryfirvöld. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram í tillögunni með skýrum hætti hversu mörgum bíla/rútustæðum tillagan gerir ráð fyrir, en fleiri bílastæði kalla á meira rask. Auk þess er óljóst hvort að veitingasalan verði einungis fyrir hótalgesti eða einnig fyrir hinn almenna ferðamann. Mikilvægt er að mati stofnunarinnar að forsendur og útfærsla tillögunnar séu skýr svo hægt sé að meta umhverfisáhrif hennar.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur